



369. Stjórnarfundur haldinn 10. mars 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður M. Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Guðjón Axelsson (GA).

1. Verkaskipting stjórnar.

EH lagði til að skipting stjórnar væri óbreytt. SA lagði til að kosið væri í hvert embætti fyrir sig. Gengið var til kosninga og var KG kjörinn varaformaður, PMK kjörinn gjaldkeri, SG kjörinn ritari og BI meðstjórnandi, en varamenn eru SA, GA og Bjarney S. Snævarsdóttir.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Bréf frá:

UMFÍ v/ óska um upplýsinga um skógarreiti ungmennafélaga. *Móttekið.*

Kynningarbæklingur NORI DMS skráningar og greiðslukerfi. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá Hermanni Helgasyni með ósk um leigu á sal 8. maí undir fermingaveislu. *Samþykkt að leigja Hermanni salinn.*

Landsbankanum v/ samþykki skilmála um verðbréfavíðskipti. *Skilmálar samþykktir og framkvæmdastjóra falið að senda bréfið.*

4. Send bréf.

Engin.

5. Málefni frá Aðalfundi félagsins.

Farið var yfir þær áherslur sem fram komu og þær breytingar sem gerðar voru á lögum félagsins. *Framkvæmdastjóra falið að láta lesa löggin yfir varðandi málfar og senda síðan löggin til IRB, ÍSÍ og UMFÍ til samþykktar.*

6. Önnur mál.

EH sagði frá að innanfélagsmót Keflavíkur í frjálsum íþróttum (öldunga) yrði þann 12. mars. Keppt verður í hástökki með og án atrennu. Mótið fer fram í b-sal Sunnubrautar og hefst kl. 14:00.

EH sagði frá samningi sem Grindavíkurbær gerði við UMFG. *Sendu samninginn á stjórnarmenn.*

KG skipaður fulltrúi aðalstjórnar í nefnd sem skoðar hvernig munum félagsins verði fyrirkomið í félagsheimi okkar. *Brýnt er að nefndin taki til starfa sem fyrst.*

Umræður um hvort og með hvaða hætti eigi að leigja út sali í félagsheimili okkar og hvaða búnaður ætti þá að vera til staðar. *Ákveðið að leigja út salina. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um leiguverð á sambærilegum sölum. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um kostnað vegna kaupa á borðbúnaði og eldhúsáhöldum fyrir allt að eitthundrað og fimmtíu manns. Verður lagt fyrir næsta stjórnarfund.*

EH óskaði eftir heimild til að kaupa fleiri K-hettupeysur. *Framkvæmdastjóra veitt heimild.*

EH sagði frá þjálfaramáli fimleikadeildar, en það stendur til að rifta samningi við erlenda þjálfarann.

EH sagði frá því að Guðbjörg Jónsdóttir leigutaki að Hringbraut 108 hafi óskað efir fundi til að ræða leigusamninginn. *Framkvæmdastjóra falið málið.*

Næsti fundur 24. mars 2011 kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50
Fundinn ritaði SG

